

## Jean-Jacques Rousseau. Ágrip fræða hans, eigin orð og annarra

Jean-Jacques Rousseau (1712-1778) var svissneskur fræðimaður og heimspekingur, sem m.a. ritaði bókina, Samfélagssáttmálann, sem út er kominn í þýðingu Más Jónssonar og Björns Þorsteinssonar (Hið íslenska bókmenntafélag, Rvk. 2004.) Þar gefur m.a. að lesa:

„Maðurinn fæðist frjáls en hvarvetna er hann í hlekkjum. Einn telur sig ráða yfir öðrum en er engu minni þræll sjálfur. (s. 60)

„Fjölskyldan er elst allra samfélaga og það eina sem er náttúrulegt. Samt eru börn ekki tengd föður sínum lengur en þau þurfa hans með til að tryggja afkomu sína. Hin náttúrulega tengsl slitna um leið og þessi þörf er ekki lengur til staðar. Þá þurfa börnin ekki lengur að sýna föður sínum undirgefni og hann þarf ekki lengur að ala önn fyrir þeim, og faðir og börn verða öll jafn sjálfstæð.

Haldi þau áfram hópinn er það ekki vegna þess að það sé í samræmi við gang náttúrunnar, heldur gera þau það af fúsum og frjálsum vilja, og þaðan í frá viðheldur fjölskyldan sér eingöngu samkvæmt samkomulagi.

Þetta sameiginlega frelsi er afleiðing af náttúrulegu eðli mannsins. Fyrsta lögmál hans er að standa vörð um eigin afkomu og umhyggja hans beinist fyrst að sjálfum sér.

Fjölskyldan er því, ef svo má segja, fyrirmynd allra mannglegra samfélaga. Höfðinginn svarar til föðursins, þjóðin samsvarar börnunum. Allir eru fæddir jafnir og frjálsir og afsala sér því aðeins frelsinu að það sé þeim sjálfum til hagsbóta. Eini munurinn er sá að í fjölskyldum vegur ást föðursins á börnum sínum upp á móti þeirri umhyggju sem hann þarf að sýna þeim, en (s. 61) í ríkinu kemur ánægja af því að stjórna í staðinn fyrir ástina á þegnum. (s. 62) Jean-Jacques Rousseau. Samfélagssáttmálinn, Már Jónsson og Björn Þorsteinsson þýddu Hið íslenska bókmenntafélag, Rvk. 2004.

„Úr því að enginn hefur náttúrulega yfirráð yfir náunga sínum, og úr því að máttur skapar engan rétt, getur lögmætt yfirvald manna á meðal einungis átt rætur í samkomulagi þeirra.“ (s. 66) Jean-Jacques Rousseau. Samfélagssáttmálinn, Már Jónsson og Björn Þorsteinsson þýddu Hið íslenska bókmenntafélag, Rvk. 2004.)

„Að afneita frelsi sínu er að afneita því sem gerir mann að manni. Í slíku felst afneitan á réttindum mannkyns og jafnvel skyldum þess....Afneitan af þessu tagi stríðir gegn eðli mannsins, og að svipta vilja hans frelsinu er að svipta gjörðir hans hvers kyns siðferðilegu inntaki.“ (s. 67-68) Jean-Jacques Rousseau. Samfélagssáttmálinn, Már Jónsson og Björn Þorsteinsson þýddu Hið íslenska bókmenntafélag, Rvk. 2004.

„Móta þarf samtök sem verja og vernda af öllum sameiginlegum mætti sínum persónu og eignir hvers þess sem í hlut á. Hver og einn sameinast öllum, en hlúir jafnframt að sjálfum sér einum og er jafn frjáls eftir sem áður. Þetta er frumvandinn sem samfélagssáttmálinn ræður bót á.“ (s. 74)

„....gefur sérhver sig öllum og þar með engum.“ (s. 75)

„....meðal þess sem ríki siðmenningarinnar gefur af sér er siðferðilegt frelsi. Það eitt gerir manninn sannarlega að sjálfs síns herra, því að sá sem er á valdi eðlishvatanna einna lifir í þrældómi, en hlýðni við lög sem menn setja sér sjálfir er frelsi.“ (s. 82)

„Því fer fjarri að grunnsamningurinn eyðileggi hið náttúrulega frelsi. Öllu heldur leggur hann grunn að siðferðilegu og lögmætu jafnrétti á kostnað þess líkamlega misréttis manna á milli sem rekja má til náttúrunnar. Menn geta verið ójafnir að aflsmunum eða gáfum en verða allir jafnir vegna samkomulags og réttar.“ (s. 86) Jean-Jacques Rousseau. Samfélagssáttmálinn Már Jónsson og Björn Þorsteinsson þýddu, Hið íslenska bókmenntafélag, Rvk. 2004.

„Kristindómur boðar ekki annað en þrældóm og undirgefni. Andi hans er svo hagstæður harðstjórn að hún hlýtur alltaf að ganga á lagið. Sannkristnir menn eru til þess gerðir að vera þrælar;.....“ (s. 245)

Sáttmálasmiðina kallar J-J. Rousseau umskipti frá náttúrríkinu til ríkis siðmenningarinnar. (Hinir fornu Stóuspekingar lögðu mikla áherslu á að lifa samkvæmt lögmálum náttúrunnar, sem endurspegluðist í skynsemi þeirra, sem í sjálfu sér væri dyggð og meginforsenda hin góða mannlífs.) Eðlishvöt viku fyrir siðviti, líkamshvatir lúta nú rödd skynseminnar og réttarins. Í sáttmálanum, sem almannaviljinn birtist í, er hið eiginlega frelsi fólgið og jafnir hagsmunir almennings tryggðir. Enginn er seldur undir annars vilja eða yfirráð. Sjálfræðið er orðið sameiginlegt, en krefst almennrar þátttöku allra í stjórnun og ákvarðanatöku. Í þátttökunni eflist þroski og hin lýðræðislega vitund. (Rousseau hefur reyndar einnig boðið afturhvarf til náttúrunnar, þar sem kenndir leika lausari hala.)

Hugmyndir Rousseau hafa m.a. verið lagðar til grundvallar vangaveltum um svonefnt þátttökulýðræði.

Björn Þorsteinsson. **Kosið fyrir alla: Hugtakið um almannaviljann greint og gagnrýnt** (1 Greinin er unnin upp úr erindi sem flutt var á málþinginu „Jean-Jacques Rousseau – þriggja alda minning“ á vegum Félags um átjándu aldar fræði í Þjóðarbókhöllu 11. febrúar 2012. 2 Jean-Jacques Rousseau, *Samfélagssáttmálinn*, Már Jónsson og Björn Þorsteinsson þýddu, Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag 2004. Héðan í frá er vísað til bókarinnar innan sviga í megintextanum og tilgreint kaflanúmer og blaðsíðutal í íslensku útgáfunni.)

[]nokkrar lykilhugmyndir umræddrar bókar Rousseaus um *Samfélagssáttmálann*. Um þessar hugmyndir gildir einfaldlega hið fornkveðna, að góð vísa verður ekki of oft kveðin. Þá hef ég hvort tveggja í huga, að umræddar hugmyndir eiga stöðugt erindi við okkur, þær koma okkur alltaf við, okkur sem teljum okkur vera, og viljum vera, frjálsir borgarar í lýðræðisríki; og að umræddar hugmyndir eru svo margþættar og margræðar að þær eru í reynd ótæmandi, þær sýna sífellt á sér nýjar hliðar eftir því hvernig á manni liggur, og eftir því hverjar aðstæðurnar eru hverju sinni. Með öðrum orðum eru þessar lykilhugmyndir sem Rousseau mótaði að sínum hætti þess eðlis, að mínu mati, að miklu skiptir að þær séu *lifandi* í hugmyndaheimi okkar, hvers fyrir sig (eða í það minnsta sem flestra), og úti í samfélaginu, meðal ráðamanna, innan stjórnarsýslunnar og þar fram eftir götunum. Orðum þetta svona: ef við ætlum okkur á annað borð að búa í lýðræðisþjóðfélagi þá eiga hugmyndir Rousseaus brýnt erindi við okkur – vegna þess að í þeim kristallast í senn það sem við getum kallað *þversögn* lýðræðisins en líka *fjöregg* þess – vandi þess og vegsemd. Meðal þeirra hugmynda sem ég hef hér í huga fer óneitanlega fremst í flokki hin miðlæga lykilhugmynd um *almannaviljann*, sem ég tel óhætt að kalla *helsta framlag Rousseaus til hugsunar manna um samfélagsmál*. Ég hef smám saman sannfærst um að í hugmyndinni um almannaviljann rúmist megnið af því kynngimagni sem hugsun Rousseaus um samfélagið býr yfir, og líka flestallar mótsagnirnar.

Allir menn eru fæddir frjálsir, allir menn búa yfir eðlislægu frelsi sem þeir geta í reynd aldrei hlaupist undan; eða, eins og Rousseau orðar það: „Að afneita frelsi sínu er að afneita því sem gerir mann að manni“ (I.4, 67). Til skýringar getum við snúið þessu við og sagt: svo lengi sem við erum menn getum við ekki flúið undan frelsinu – og hvernig getum við fyllilega *hætt að vera menn*? Hér sjáum við í sjónhendingu tengsl hugsunar Rousseaus við Jean-Paul Sartre og tilvistarstefnu hans sem boðar að maðurinn sé „dæmdur til að vera frjál“.<sup>4</sup>

Gegn þessu viðhorfi eigum við að tefla almannahyggu (í anda) Rousseaus og spyrja: hver er þess umkominn að skera úr um það hver megi og hver megi ekki taka þátt í ákvörðunum um það sem er samfélaginu, samfélagi hans sjálfs, og einstaklingunum öllum, þar með töldum honum sjálfum, fyrir bestu? Valdið getur ekki átt uppsprettu sína annars staðar en meðal fólksins. Í öðru lagi er ekki nóg að *tala* um lýðræði sem annað og meira en lýðræði sumra, og halda stöðugt á lofti þeirri *skoðun* að valdið sé hjá fólkinu – þeim orðum verða að fylgja athafnir, samfélagsgerðin sjálf þarf að fela í sér þær leiðir og það verklag sem almenningur þarf til að fá gegnt hlutverki sínu sem valdhafi. Í þriðja lagi þarf að sjá til þess, með markvissum hætti, að almenningur verði fær um að gangast við þessu hlutverki sínu – það sem til þarf er með öðrum orðum raunveruleg útfærsla á því sem nú er kallað lýðræðisuppeldi sem miðast þá við að kenna fólki að bera kennsl á almannahagsmuni, eða, eins og Rousseau orðar það svo snaggaralega, „kenna verður almenningi að bera kennsl á það sem hann vill“ (II.6, 107).